

## Greinargerð um störf Kjörnefndar Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir aðalfund 2019.

Kjörnefnd Lánasjóðs sveitarfélaga starfar samkvæmt starfsreglum sem stjórn Lánasjóðsins setur henni ásamt því að leitast við að vinna í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (LSF) útgefnum af Samtökum atvinnulífsins, Viðskiptaráði Íslands og Kauphöll ( [www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is) ). Kjörnefnd Lánasjóðsins hefur sæmbærilegt hlutverk við það sem kallað er Tilnefningarnefnd í leiðbeiningunum og er uppálagt að:

1. Tilnefningarnefnd skal tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu fyrir aðalfund þess.
2. Hlutverk tilnefningarnefndar skal meðal annars felast í því að:
  - Meta tilvonandi stjórnarmenn út frá hæfni, reynslu og þekkingu. Skal hún hafa þau sjónarmið sem fram koma í lið 2.2 (stærð og samsetning stjórnar) í huga við matið. Þá skal hún einnig notast við niðurstöður árangursmats stjórnar er varðar samsetningu stjórnar og hæfni stjórnarmanna.
  - Meta óhæði tilvonandi stjórnarmanna í samræmi við það sem fram kemur í lið 2.3.
  - Gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins.
  - Undirbúa og leggja fram tillögur, byggðar á ofangreindu mati, um kosningu stjórnarmanna á aðalfundi félagsins.
3. Við framkvæmd starfa sinna skal tilnefningarnefnd taka mið af heildarhagsmunum hluthafa félagsins. Hlutverk og helstu verkefni nefndarinnar skulu tilgreind í starfsreglum hennar og skulu þau taka mið af þörfum félagsins. Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu birtar á vefsíðu félagsins.
4. Tilnefningarnefnd skal óska eftir tillögum frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félags.
5. Á vefsíðu félagsins skal upplýsa um hvernig hluthafar geta lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri.
6. Tillögur tilnefningarnefndar (og önnur framboð til stjórnarsetu) skulu kynntar í fundarboði aðalfundar og vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins eins fljótt og kostur er, en a.m.k. tveimur virkum dögum fyrir fundinn.
7. Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd gera grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Rökstuðning nefndarinnar skal einnig birta á vefsíðu félagsins.

Í samræmi við þetta hefur Lánasjóðurinn birt viðeigandi upplýsingar á heimasíðu félagsins í aðdraganda aðalfundarins.

Kjörnefnd var skipuð af stjórn Lánasjóðsins á fundi 29. janúar síðastliðinn. Hana skipa Erling Ásgeirsson, formaður, Heiða Björg Hilmisdóttir og Ísólfur Gylfi Pálmason.

Ásamt því að mæla með aðilum til að skipa stjórn og varastjórn félagsins hefur Kjörnefnd það hlutverk að stinga uppá fundarstjóra fyrir aðalfund félagsins. Kjörnefnd leggur til að Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík verði kosin fundarstjóri.

Kjörnefnd sendi öllum sveitarstjórnnum bréf þar sem óskað var eftir framboðum eða tilnefningum til stjórnar og rann frestur til að senda inn tilnefningar út þann 4. mars s.l. Framboð bárust frá fjórum af núverandi stjórnarmönnum, þ.e.a.s. öllum fyrir utan Magnús B. Jónsson formanni stjórnar. Enn fremur gaf Kristinn Jónsson kost á sér sem formaður stjórnar.

Í vinnu sinni leitaðist Kjörnefndin við að taka tillit til þess að eðlilegt hlutfall minni og stærri hluthafa eigi fulltrúa í stjórn sem og lögbundins kynjahlutfalls, landshlutasjónarmiða og þess pólitíska veruleika sem ríkir hjá sveitarstjórnnum á landsvísu.

Eftir að hafa yfirfarið gögn frambjóðenda og þær upplýsingar sem Kjörnefnd hefur um störf þeirra og hæfi er niðurstaða Kjörnefndar eftirfarandi:

Kjörnefnd leggur til að Kristinn Jónasson Snæfellsbæ verði kosinn formaður Lánasjóðsins 2019 til 2020.

Kjörnefnd leggur til að eftirfarandi aðilar verði kosnir í stjórn á komandi aðalfundi félagsins:

Nafn	Hlutverk hjá LS	Í stjórn	Starf
Kristinn Jónasson	Stjórnarmaður LS	Frá 1999	Bæjarstjóri Snæfellsbæ
Elliði Vignisson	Stjórnarmaður LS	Frá 2011	Bæjarstjóri Ölfusi
Helga Benediktsdóttir	Stjórnarmaður LS	Frá 2012	Deildarstjóri fjárstýringar RVK
Arna Lára Jónsdóttir	Stjórnarmaður LS	Frá 2017	Bæjarstjórn Ísafjarðarbæ
Guðmundur B. Guðmundsson		Nýr	Formaður bæjarráðs Akureyri

Jafnframt leggur Kjörnefnd til að eftirfarandi aðilar verði kosnir í varastjórn sjóðsins:

Nafn	Starf	Hlutverk hjá LS
Jón Ingi Hákonarson	Bæjarfulltrúi Hafnarfirði	Nýr
Karen Halldórsdóttir	Bæjarstjórn Kópavogs	Ný
Katrín Sigurjónsdóttir	Sveitarstjóri Dalvíkurbyggð	Ný
Lilja Einarsdóttir	Oddviti Rangarþingi eystra	Ný
Ólafur Þ. Ólafsson	Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar	Varamaður stjórn LS

Þessar tillögur Kjörnefndar hafa verið aðgengilegar frá og með 18. mars á heimasíðu Lánasjóðsins undir [www.lanasjodur.is/kjornefnd](http://www.lanasjodur.is/kjornefnd).

Vakin er sérstök athygli á að samkvæmt lögum skal framboðsfrestur vera þar til 5 dögum fyrir aðalfund. Því var öllum þeim sem Kjörnefnd mælir ekki sérstaklega með og vildu gefa kost á sér mögulegt að gefa kost á sér allt þar til 8:00 að morgni mánudaginn 25. mars.

---

Fh. Kjörnefndar Lánasjóðsins

Erling Ásgeirsson